

**M-33/2013 Álit 22. október 2013**

### **Álit kærunefndar lausafjár- og þjónustukaupa**

Hinn 22. október 2013 gaf kærunefnd lausafjár- og þjónustukaupa svohljóðandi álit í málinu nr. M-33/2013:

#### **I**

##### **Álitaefni og kröfugerð**

Hinn 31. mars sl. bað X, hér eftir einnig nefndur álitsbeiðandi, um álit kærunefndar lausafjár- og þjónustukaupa vegna viðskipta sinna við Y.

#### **II**

##### **Málsmeðferð kærunefndarinnar**

Kærunefnd lausafjár- og þjónustukaupa starfar samkvæmt ákvæðum laga nr. 87/2006 um breytingu á lögum um lausafjárkaup, lögum um þjónustukaup og lögum um neytendakaup og reglugerðar nr. 766/2006 um kærunefnd lausafjár- og þjónustukaupa.

Hinn 25. september sl. sendi kærunefndin álitsbeiðanda svohljóðandi bréf:

„Kærunefnd lausafjár- og þjónustukaupa hefur nú til meðferðar mál þitt þar sem kvartað er vegna viðskipta við Y. Af því tilefni vill kærunefndin benda á að hún starfar samkvæmt reglugerð nr. 766/2006 um kærunefnd lausafjár- og þjónustukaupa, en í 2. mgr. 6. gr. þeirrar reglugerðar segir: „Í álitsbeiðni skal lýst því ágreiningsefni sem leitað er álits á og þeim kröfum er beiðandi gerir á hendur gagnaðila. Kröfurnar ber að rökstyðja. Álitsbeiðninni skulu fylgja þau sönnunargögn um málsatvik sem tiltæk eru.“

Til samræmis við téð ákvæði óskar kærunefndin því eftir:

- 1) Nánari gögnum sem fyrir hendi eru um viðskipti þín við gagnaðila, t.a.m. kaupsamning, upplýsinga frá Umferðarstofu sem þú vísar til í álitsbeiðni þinni ásamt tilvísuðum tölvupóstum.
- 2) Hvaða kröfur þú gerir á hendur Y.

Þá óskar kærunefndin eftir hverjum öðrum þeim gögnum sem þú kannt að hafa undir höndum sem varpað gætu ljósi á máli þitt.

Frestur til að skila umbeðnum gögnum og upplýsingum er til 5. október n.k. Verði ekki orðið við þessu má vænta þess að málinu verði vísað frá nefndinni.“

Kærunefndinni hefur ekki borist svar við framangreindu bréfi og hefur álitsbeiðandi ekki haft samband við hana á annan hátt. Kærunefndin álítur því óhjákvæmilegt að vísa beiðni álitsbeiðanda frá nefndinni með heimild í 2. mgr. 7. gr. reglugerðar nr. 766/2006 um kærunefnd lausafjár- og þjónustukaupa.

Kærunefndin tekur fram að þrátt fyrir það að álitsbeiðninni hafi verið vísað frá getur álitsbeiðandi sent kærunefndinni nýja beiðni um álit fylgi henni þau gögn sem beðið var um í bréfi nefndarinnar frá 25. september sl.

**III**  
**Álitsorð**

Álitsbeiðni X er vísað frá kærufnd lausafjár- og þjónustukaupa.

---

Pétur Örn Sverrisson  
formaður

---

Jón Rúnar Pálsson

---

Hildigunnur Hafsteinsdóttir